



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2017

## Lénið cargobilar.com

### I.

#### Erindið

Með erindi Cargo sendibílaleigu ehf., ódags. mótt. 15. ágúst 2016, barst Neytendastofu kvörtun yfir notkun Hreingerninga ehf. á léninu cargobilar.com.

Í bréfinu kemur fram að Cargo Sendibílaleiga haldi úti heimasíðu með lénnafninu cargobilar.is og hafi átt það skráð frá 14. október 2005. Annað fyrirtæki á svipuðum markaði haldi úti vefsíðunni cargobilar.com. Þeirra starfsemi og heimasíða sé að hafa veruleg áhrif á Cargo sendibílaleigu þar sem neikvæð umfjöllun einkennist af starfsemi Hreingerninga og hafi Cargo sendibílaleiga þurft að heyra sögur af starfsemi þeirra næstum daglega því fólk hringi í Cargo sendibílaleigu í þeirri trú að um sama fyrirtæki sé að ræða eða fyrirtæki í samstarfi. Fólki sé alltaf tilkynnt strax um misskilninginn og beðið velvirðingar á. Þeir sem hringi skori svo ávallt á Cargo sendibílaleigu að gera eitthvað í málinu og kæra til Neytendastofu þar sem orðspor Cargo sendibílaleigu bíði hnekki af umræðu um að fyrirtækið hafi lélega þjónustu og útlendinga í vinnu sem einkennist af lítilli þjónustulund. Það sé þvert á stefnu Cargo sendibílaleigu. Loks hafi fyrirtækið fengið nóg þegar það heyri lýsingu frá viðskiptavini sínum.

Viðskiptavinurinn hafi hrósað Cargo sendibílaleigu við vini sína og bent þeim á að eiga viðskipti við fyrirtækið. Félag viðkomandi hafi hins vegar verið á öðru máli og sögðust aldrei skyldu eiga viðskipti við fyrirtækið aftur og væru búnir að láta það berast víða. Viðskiptavinurinn hafi verið hissa og spurt að því, hvað gerst hafi. Þá hafi viðkomandi fengið lýsingu á því að Cargo sendibílaleiga hafi mætt nokkrum klukkutímum of seint að flytja og þegar mætt hafi verið á staðinn hafi bíllinn verið handónýtur og starfsmaður sem auglýstur hafi verið sem burðarmaður hafi ekki talað íslensku og hafi beðið inni bílnum á meðan aðrir báru í bílinn. Viðskiptavininum hafi þótt þetta undarlegt og sagði félögum sínum að þetta gæti ekki hafa verið Cargo sendibílaleiga, þar sem fyrirtækið keyri ekki flutningabíla heldur leigi þá bara út án ökumanns. Viðskiptavinurinn hafi hringt í fyrirtækið til að gera grein fyrir þessu.

Notkun Hreingerninga á léninu cargobilar.com sé farin að hafa verulega slæm áhrif á starfsemi Cargo sendibílaleigu og neikvæð áhrif á fyrirtækið.



Með erindinu sé því kvartað yfir starfsháttum og markaðsstarfsemi Hreingerninga með vísan til 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í lok bréfsins segir að umhugsunarefni sé hvort firmaskrá hafi gert mistök með því að samþykkja skráningu beggja félaga, þar sem starfsemi þeirra sé nánast sú sama.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Cargo sendibílaleigu var sent Hreingerningum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. ágúst 2016. Í bréfinu kom fram að auk 15. gr. a. laga nr. 57/2005 teldi Neytendastofa ákvæði 5. gr. sömu laga geta átt við um erindið.

Ekkert svar barst og var ítrekun send þann 14. september 2016, þar sem jafnframt kom fram að búast mætti við því að tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna bærisk stofnuninni ekki svar innan tilskilins frests.

Svar barst með tölvubréfi, dags. 18. október 2016, þar sem segir að eins og fram komi í erindi Cargo sendibílaleigu séu Hreingerningar ekki með bílaleigu og muni ekki gera það. Hreingerningar hafi einnig heyrt ýmsar sögur sem séu fyrirtækinu óviðkomandi og hafi alltaf bent fólki til þeirra, sem hringi í Hreingerningar vegna bílaleigubíla. Þegar þetta hafi verið skráð hafi bæði nafn og lén verið laust og Hreingerningum heimilt að nota það. Vilji Cargo sendibílaleiga eiga lénið séu Hreingerningar til í að skoða málið.

#### **2.**

Tölvubréf Hreingerninga var sent Cargo sendibílaleigu til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. desember 2016. Var aðilum máls þar með tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu.

## **III.**

### **Niðurstaða**

#### **1.**

Mál þetta snýr að kvörtun Cargo sendibílaleigu ehf. yfir notkun Hreingerninga ehf. á lénnafninu cargobilar.com. Telur Cargo sendibílaleigu notkunina skapa mikinn rugling milli fyrirtækjanna og að brotið sé gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Af hálfu Hreingerninga er því hafnað að fyrirtækið hafi bílaleigu. Lénnafnið hafi verið laust og félaginu sé heimilt að nota það.



## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. máslíð. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

## 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Samkvæmt erindi Cargo sendibílaleigu hefur félagið notast við lénið cargobilar.is frá 14. október 2005. Félagið á jafnframt skráð firmaheitið Cargo sendibílaleiga hjá firmaskrá. Hreingerningar hafa ekki lagt fram upplýsingar um það hvenær félagið hóf notkun á léninu eða á hverju réttur til auðkennisins er byggður. Við skoðun á vefsíðunni cargobilar.com er jöfnum



höndum vísað til Cargobíla, Cargobilar.com og Flutningabíla og þegar valdir eru hlekkir á vefsíðunni í þeim tilgangi að fá frekari upplýsingar er notandi fluttur á vefsíðu með lénnafninu flutningabilar.is.

Í máli þessu er um er að ræða tvö nákvæmlega eins auðkenni, þ.e. Cargobílar. Það eina sem skilur auðkennin að er ending sem sýnir hvar lénið er hýst, þ.e. .is annars vegar og .com hins vegar. Að mati Neytendastofu hafa Hreingerningar ekki sýnt fram á rétt fyrirtækisins til notkunar auðkennisins og í ljósi ruglingshættu við auðkenni Cargo sendibíla ber að banna notkun Hreingerninga á lénnafninu, með vísan til 1. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Hreingerningar ehf., Hvaleyrarbraut 22, Hafnarfirði, hefur með skráningu og notkun lénsins cargobilar.com brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**Við vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hreingerningum bönnuð notkun lénsins cargobilar.com. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“**

Neytendastofa, 30. janúar 2017

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir